

REGLUGERÐ

um flutning á hergögnum og varnartengdum vörum.

I. KAFLI

Gildissvið, skilgreiningar, innleiðing og aðlögun.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um hvers konar flutning hergagna og varnartengdrar vöru eins og þær eru skilgreindar í reglugerð þessari, þ.m.t. útflutning, umflutning, endurútflutning, gegnumferð, umfermingu, miðlun sem og flutning með íslenskum loftförum hvar sem þau eru stödd.

Reglugerð þessi gildir ekki um flutning hergagna og varnartengdrar vöru með ríkisloftförum sem skráð eru á Íslandi eða hafa fengið formlega heimild utanríkisráðherra til farar um íslenskt yfirráðasvæði í samræmi við ákvæði laga um loftferðir.

Um flutning hergagna og varnartengdra vara með loftförum sem fljúga í gegnum íslenska lofthelgi án viðkomu hér á landi gilda ákvæði reglugerðar um flutning hergagna með loftförum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirtalinna orða og hugtaka sem hér segir:

Flutningur: útflutningur, umflutningur, endurútflutningur, gegnumferð, umferming og miðlun.

Hergögn og varnartengdar vörur: hergögn og varnartengdar vörur eins og þau eru skilgreind í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins, sbr. 1.1 tl. 3. gr. þessarar reglugerðar, með síðari uppfærslum og breytingum, sbr. 4. mgr. 4. gr.

Útflutningur: er útflutningur og umflutningur í skilningi tollalaga, nr. 88/2005, svo og endurútflutningur, með eða án endurgjalds. Hugtakið gildir einnig um flutning á hugbúnaði eða tækni með rafrænum miðlum, þ.m.t. með bréfsíma, síma, tölvupósti eða á annan rafrænan hátt til annars ríkis. Það felur í sér að gera slíkan hugbúnað og tækni tiltæk á rafrænu formi eða munnlega yfirfærslu tækni þegar tækni er lýst í gegnum talflutningamiðil fyrir einstakling eða lögaðila í öðru ríki.

Útflýtyjandi: aðili sem hefur heimild til að ákveða að hlutur verði sendur frá Íslandi, hefur ávinning af rétti til að ráðstafa hlut til útflutnings eða hefur meðferðis hlut sem á að flytja út og geymdur er í einkafarangri þess aðila.

Vopnasölubann: tekur til þvingunaraðgerða í formi banns við sölu á vopnum, sem innleiddar eru samkvæmt ákvæðum laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, nr. 68/2023.

3. gr.

Innleiðing.

Eftirtalдар gerðir Evrópusambandsins um varnartengdar vörur skulu öðlast gildi hér á landi, með þeirri aðlögun sem getið er í 4. gr.:

1. Sameiginleg afstaða ráðsins 2008/944/SSUÖ frá 8. desember 2008 um skilgreiningu á sameiginlegum reglum um eftirlit með útflutning á hernaðarlegri tækni og búnaði.
 - 1.1. Sameiginlegur hergagnalisti Evrópusambandsins samþykktur af ráðinu 17. febrúar 2020 (búnaður sem fellur undir sameiginlega afstöðu ráðsins 2008/944/SSUÖ um skilgreiningu á sameiginlegum reglum um eftirlit með útflutning á hernaðarlegri tækni og búnaði). Heragnalistinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:
[https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:52020XG0313\(07\)](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:52020XG0313(07)).
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins.
 - 2.1. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 11. janúar 2011 um vottun fyrirtækja á sviði varnartengdra vara skv. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB um einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins.

- 2.2. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1047 frá 5. mars 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar uppfærslu á skránni yfir varnartengdar vörur í samræmi við uppfærðan sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins frá 17. febrúar 2020.
- 2.3. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/277 frá 5. október 2022 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar uppfærslu á skránni yfir varnartengdar vörur í samræmi við uppfærðan sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins frá 21. febrúar 2022.

4. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 3. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

1. ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins („EB“, „ESB“, „Bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“) eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
2. ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
3. tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á, og
4. tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005.

Gerðir sem tilgreindar eru í 3. gr. binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt.

Ákvæði sem varða tilflutning á hergögnum, varnartengdum vörum og öðru milli ríkja Evrópusambandsins eiga við um útflutning til EES-ríkja.

Síðari breytingar og uppfærslur sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins, sbr. 1.1 tl. 3. gr. öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins (<http://eurlex.europa.eu>), sbr. 8. mgr. 6. gr. a vopnalaga nr. 16/1998.

II. KAFLI

Flutningsleyfi til ríkja utan EES.

5. gr.

Leyfisskylda.

Enginn má flytja úr landi hergögn og varnartengdar vörur nema með leyfi ráðherra sem fer með utanríkismál, eða þess sem hann felur heimildarveitinguna.

Enginn má flytja úr landi vélar, tæki, eða annað sem er sérstaklega hannað eða breytt til framleiðslu, þróunar eða nota á hergögnum og varnartengdum vörum nema með leyfi ráðherra sem fer með utanríkismál, eða þess sem hann felur heimildarveitinguna.

Enginn má flytja úr landi tækni eða hugbúnað til þróunar, framleiðslu eða nota á hergögnum og varnartengdum vörum nema með leyfi ráðherra sem fer með utanríkismál, eða þess sem hann felur heimildarveitinguna.

Leyfisskylda skv. þessari grein tekur einnig til umflutnings í skilningi tollalaga, endurútflutnings, gegnumferðar, umfermingar og miðlunar.

Enginn má flytja hergögn og varnartengdar vörur með íslenskum loftförum hvar sem þau eru stödd nema með leyfi ráðherra sem fer með utanríkismál, eða þess sem hann felur heimildarveitinguna. Hafi útflytjandi þegar fengið leyfi til útflutnings skv. 1. mgr. þarf ekki að sækja um leyfi til ráðherra samkvæmt þessari málsgrein.

Ekki skal veita leyfi skv. þessari grein í eftirfarandi tilvikum:

- a. gangi leyfisveitingin gegn gildandi þvingunaraðgerðum, ráðstöfunum sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt í samræmi við VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, einkum ráðstöfunum varðandi vopnasölubann, eða viðeigandi alþjóðlegum skuldbindingum samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að;

- b. ef ætla má að hergögnin, varnartengdu vörurnar eða annað verði notað til þess að fremja alvarleg mannréttindabrot eða hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi eða glæpi gegn friði; eða
- c. ef 3. mgr. 7. gr. á við.

6. gr.

Umsókn um leyfi.

Umsókn um leyfi skv. 5. gr. skal senda utanríkisráðuneytinu eigi síðar en 14 dögum áður en flutningur er fyrirhugaður nema sérstakar aðstæður komi upp þar sem flutningur er nauðsynlegur með styttri fyrirvara.

Í umsókn skv. 1. mgr. skal eftirfarandi koma fram:

- a. nafn, heimilisfang, sími og tölvupóstfang umsækjanda,
- b. upplýsingar um þau hergögn, varnartengdar vörur eða annað sem til stendur að flytja, þ.m.t. verðgildi,
- c. upplýsingar um upprunastað og áfangastað,
- d. upplýsingar um viðtakanda, þ.m.t. nafn og heimilisfang,
- e. upplýsingar um lokanotanda, þ.m.t. nafn og heimilisfang,
- f. áætlaður komu- og brottfarartími, og
- g. tilskilin leyfi stjórnvalda upprunalands og viðtökulands fyrir inn- og útflutningi, þ.m.t. vottorð lokanotanda, í þeim tilvikum sem slíkra leyfa er krafist af hálfu viðkomandi stjórnvalda.

Umsækjendum um leyfi ber að ábyrgjast áreiðanleika þeirra upplýsinga sem fram koma í umsókn þeirra. Hafi umsækjandi vitneskju um önnur atriði sem geta haft áhrif á mat á því hvort veita skuli leyfi, m.a. um það hvort þau tilvik sem rakin eru í a–c-liðum 6. mgr. 5. gr. eigi við um viðkomandi hergögn, varnartengdar vörur eða annað, ber umsækjanda að upplýsa um slíkt í umsókn sinni.

7. gr.

Málsmeðferð og mat á leyfisumsóknum.

Utanríkisráðuneytið getur óskað eftir umsögnum annarra stjórnvalda um umsóknina. Telji utanríkisráðuneytið að fallast megi á umsókn gefur það út leyfi fyrir flutningi.

Við ákvörðun um hvort veita skuli leyfi skv. 1. mgr. 6. gr. skal utanríkisráðuneytið meta eftirfarandi:

- a. hvort útflutningurinn muni stuðla að því að grafa undan friði og öryggi, eða
- b. hvort hergögnin, varnartengdu vörurnar eða annað sem fellur undir reglugerð þessa gæti nýst til þess að:
 - i. fremja eða ýta undir alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðarrétti,
 - ii. fremja eða ýta undir alvarleg brot á alþjóðlegum mannréttindalögum,
 - iii. fremja eða ýta undir verknað sem felur í sér brot samkvæmt alþjóðasamningum eða bókunum sem varða hryðjuverkastarfsemi og sem Ísland er aðili að,
 - iv. fremja eða ýta undir verknað sem felur í sér brot samkvæmt alþjóðasamningum eða bókunum sem Ísland er aðili að og sem varða fjölþjóðlega skipulagða glæpastarfsemi, eða
 - v. fremja eða ýta undir alvarleg kynbundin ofbeldisverk eða alvarleg ofbeldisverk gegn konum eða börnum.

Leiði mat og könnun utanríkisráðuneytisins á leyfisumsókn í ljós hættu á að einhver af þeim neikvæðu afleiðingum sem getið er um í 2. mgr. geti átt við skal utanríkisráðuneytið ekki heimila flutninginn.

Heimilt er að afturkalla leyfi sem veitt hefur verið skv. reglugerð þessari komi í ljós að upplýsingar sem fylgt hafa umsókn skv. 6. gr. hafi verið rangar og leyfið því veitt á röngum forsendum.

Utanríkisráðuneytið skal halda skrár um útgáfu leyfa skv. reglugerð þessari.

III. KAFLI
Flutningsleyfi til ríkja innan EES.

8. gr.

Leyfisskylda.

Flutningur á hergögnum og varnartengdum vörum til viðtakenda á Evrópska efnahagssvæðinu er aðeins heimill á grundvelli eftirfarandi leyfa:

- a. almenns tilflutningsleyfis,
- b. heildartilflutningsleyfis, eða
- c. eintaks tilflutningsleyfis.

9. gr.

Almennt tilflutningsleyfi.

Útflytjanda er heimilt að flytja út ákveðin hergögn og varnartengdar vörur skv. almennu tilflutningsleyfi til viðtakanda á Evrópska efnahagssvæðinu. Almenn tilflutningsleyfi gilda fyrir tiltekna vöruflokka og til ákveðinna viðtakenda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Heimilt er að nota almennt tilflutningsleyfi við eftirfarandi aðstæður:

- a. viðtakandinn er hluti af her eða innkaupastofnun hers ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins,
- b. viðtakandi er vottað fyrirtæki í samræmi við 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins, sbr. 2. tl. 3. gr.,
- c. vegna útflutnings frá Íslandi þegar hergögnin eða varnartengda varan hefur verið tímabundið flutt til Íslands vegna kynningar, mats eða sýningar, eða
- d. vegna viðhalds og viðgerðar, að því gefnu að viðtakandinn sé hinn upphaflegi birgir viðkomandi hergagna eða varnartengdrar vöru.

Nánari skilyrði og heimildir fyrir notkun almenns tilflutningsleyfis, þ.m.t. hvaða tegundir hergagna eða varnartengdrar vöru má flytja við hvaða aðstæður skv. a–d-lið 2. mgr. eru í viðauka við reglugerð þessa.

Aður en útflytjandi notar almennt tilflutningsleyfi í fyrsta sinn skal hann tilkynna utanríkisráðuneytinu um slíkt skriflega.

Ef útflytjandi notar almennt leyfi í fleiri en einni sendingu skal hann skila skriflegu yfirliti til utanríkisráðuneytisins fyrir hvern ársfjórðung, frá 1. janúar að telja, innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Þar skulu koma fram upplýsingar um eftirfarandi:

- a. dagsetning útflutnings og áfangastað,
- b. lýsing á hlut/hlutum sem fluttir eru út skv. almennu tilflutningsleyfi, virði hvernar sendingar og númer hlutar í viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1047 frá 5. mars 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar uppfærslu á skránni yfir varnartengdar vörur í samræmi við uppfærðan sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins frá 17. febrúar 2020, sbr. 2.2 tl. 3. gr.,
- c. upplýsingar um viðtakanda, nafn og heimilisfang, og
- d. upplýsingar um lokanotanda, lokastaðsetningu og lokanotkun.

10. gr.

Heildartilflutningsleyfi og einstakt tilflutningsleyfi.

Þegar flutningur útflytjanda á hergögnum eða varnartengdum vörum til viðtakanda á Evrópska efnahagssvæðinu fellur ekki undir almennt tilflutningsleyfi skv. 9. gr. skal sótt um leyfi fyrir útflutningnum til utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið gefur þá út heildartilflutningsleyfi eða einstakt tilflutningsleyfi.

Heildartilflutningsleyfi gildir í þrjú ár frá útgáfudegi og tekur til ákveðinna hergagna eða varnartengdrar vöru til ákveðinna viðtakenda eða tegundar viðtakenda í einu eða fleiri ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Einstakt tilflutningsleyfi er veitt vegna einstaks flutnings á ákveðnu magni hergagna eða varnartengdrar vöru til ákveðins viðtakanda innan Evrópska efnahagssvæðisins í einni eða fleiri sendingum.

Einstakt tilflutningsleyfi gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Einstakt tilflutningsleyfi skal veitt við eftirfarandi aðstæður:

- a. umsókn takmarkast við einn flutning,
- b. þegar talið er nauðsynlegt að meta þurfi hvern einstakan flutning útflytjanda út frá grundvallaröryggishagsmunum eða vegna allsherjarreglu, eða
- c. þegar slíkt er nauðsynlegt vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands um útflutningseftirlit.

Í umsókn skv. 1. mgr. skal eftirfarandi koma fram eins og við á:

- a. nafn, heimilisfang, sími og tölvupóstfang umsækjanda,
- b. lýsing á hlut/hlutum sem sótt er um leyfi fyrir, þ.m.t. verðmæti og númer hlutar í viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1047 frá 5. mars 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar uppfærslu á skránni yfir varnartengdar vörur í samræmi við uppfærðan sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins frá 17. febrúar 2020, sbr. 2.2 tl. 3. gr.,
- c. upplýsingar um viðtakanda eða viðtakendur, þ.m.t. nafn og heimilisfang, og
- d. upplýsingar um lokanotkun, lokastaðsetningu og lokanotanda eða lokanotendur, þ.m.t. nafn og heimilisfang.

Umsækjendum um leyfi ber að ábyrgjast áreiðanleika þeirra upplýsinga sem fram koma í umsókn þeirra.

Utanríkisráðuneytið skal halda skrár um útgáfu leyfa skv. reglugerð þessari.

11. gr.

Málsmeðferð og mat á leyfisumsóknum.

Utanríkisráðuneytið getur óskað eftir umsögnum annarra stjórnvalda um umsóknina. Telji utanríkisráðuneytið að fallast megi á umsókn gefur það út leyfi fyrir flutningi skv. 10. gr.

Við ákvörðun um hvort veita skuli leyfi skv. 10. gr. skal utanríkisráðuneytið meta eftirfarandi:

- a. hvort útflutningurinn muni stuðla að því að grafa undan friði og öryggi, eða
- b. hvort hergögnin, varnartengdu vörurnar eða annað sem fellur undir reglugerð þessa gæti nýst til þess að:
 - i. fremja eða ýta undir alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðarrétti,
 - ii. fremja eða ýta undir alvarleg brot á alþjóðlegum mannréttindalögum,
 - iii. fremja eða ýta undir verknað sem felur í sér brot samkvæmt alþjóðasamningum eða bókunum sem varða hryðjuverkastarfsemi og sem Ísland er aðili að,
 - iv. fremja eða ýta undir verknað sem felur í sér brot samkvæmt alþjóðasamningum eða bókunum sem Ísland er aðili að og sem varða fjölþjóðlega skipulagða glæpastarfsemi, eða
 - v. fremja eða ýta undir alvarleg kynbundin ofbeldisverk eða alvarleg ofbeldisverk gegn konum eða börnum.

Leiði mat og könnun utanríkisráðuneytisins á leyfisumsókn í ljós hættu á að einhver af þeim neikvæðu afleiðingum sem getið er um í 2. mgr. geti átt við skal utanríkisráðuneytið ekki heimila flutninginn.

IV. KAFLI

Eftirlitsráðstafanir o.fl.

12. gr.

Eftirlitsráðstafanir.

Útflytjandi skal halda skrár yfir flutning á hergögnum og varnartengdum vörum sem falla undir reglugerð þessa. Slíkar skrár skulu innihalda eftirfarandi:

- a. lýsingu á þeim hergögnum eða varnartengdum vörum sem flutt hafa verið út, þ.m.t. verðmæti, magn og númer hlutar í viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1047 frá 5. mars 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar uppfærslu á skránni yfir varnartengdar vörur í samræmi við uppfærðan sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins frá 17. febrúar 2020, sbr. 2.2 tl. 3. gr.,
- b. upplýsingar um dagsetningu hvers flutnings,
- c. upplýsingar viðtakendur, þ.m.t. nafn og heimilisfang,

- d. upplýsingar um lokanotkun, lokastaðsetningu og lokanotanda, þ.m.t. nafn og heimilisfang, og
- e. toll- og útflutningsskýrslur.

Skrár og skjöl, sem um getur í 1. gr., skulu geymd í a.m.k. sjö ár frá lokum almanaksársins þegar flutningurinn átti sér stað.

Utanríkisráðuneytið og þeir opinberu aðilar sem það tilnefnir geta hvenær sem er m.a. krafist:

- a. aðgangs að öllum gögnum og bókhaldi sem varðar flutning á hergögnum eða varnartengdum vörum, þ.m.t. skv. 1. mgr.,
- b. aðgangs að öllu viðkomandi skrifstofuhúsnæði og allri tilheyrandi rekstraraðstöðu,
- c. afrita og þýðinga á efni skv. a-lið, og
- d. aðstoðar við vinnslu og túlkun á efni skv. a-lið.

13. gr.

Afturköllun leyfis.

Leyfi sem veitt eru skv. þessari reglugerð má afturkalla, fella niður eða takmarka ef útflytjandi misnotar leyfið eða brýtur gegn skilmálum þess. Sama gildir ef útflytjandi brýtur gegn ákvæðum reglugerðar þessarar eða vopnalaga nr. 16/1998 eða ef fram koma nýjar pólitískar eða málefnalegar aðstæður í viðtökuríki sem breytir verulega grundvelli leyfisins.

V. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

14. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu skv. 36. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

15. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 7. og 8. mgr. 6. gr. a. vopnalaga, nr. 16/1998, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 16. október 2024.

Guðrún Hafsteinsdóttir.

Haukur Guðmundsson.

VIÐAUKI

Yfirlit yfir heimilan og óheimilan flutning herganga og varnartengdrar vöru skv. almennu tilflutningsleyfi til EES-ríkja, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um flutning á hergögnum og varnartengdum vörum.

Flokkur hergagna og varnartengdrar vöru skv. skránni yfir varnartengdar vörur (ESB 2021/1047)	a-liður 2. mgr. 10. gr. – viðtakandi er hluti af her eða innkaupastofnun hers ríkis innan EES	b-liður 2. mgr. 10. gr. – viðtakandi er vottað fyrirtæki	c-liður 2. mgr. 10. gr. – útflutningur vegna kynningar, mats eða sýninga	d-liður 2. mgr. 10. gr. – útflutningur eftir viðhald eða viðgerð
ML1	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML2 a. og b.	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML2 c. og d.	Óheimilt	Óheimilt	Heimilt	Óheimilt
ML3	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Heimilt, fyrir utan skotfæri, klasaspengjur og dreifisprengjur
ML4 a. og b.	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML4 c.	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Heimilt
ML5 a. og d.	Heimilt	Óheimilt	Heimilt	Heimilt
ML5 b. og c.	Óheimilt	Óheimilt	Heimilt	Óheimilt
ML6	Heimilt, fyrir utan fullbúin farartæki, undirvagn og festingar fyrir vopn	Heimilt, fyrir utan fullbúin farartæki, undirvagn og festingar fyrir vopn	Heimilt, fyrir utan fullbúin farartæki, undirvagn og festingar fyrir vopn	Heimilt, fyrir utan fullbúin farartæki, undirvagn og festingar fyrir vopn
ML7	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML7 f. og g.	Heimilt	Óheimilt	Heimilt	Heimilt
ML8	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML9	Heimilt, fyrir utan fullbúin skip og kafbáta, skipskrokka og 9.a.2.d. og 9.b.4.	Heimilt, fyrir utan fullbúin skip og kafbáta, skipskrokka og 9.a.2.d. og 9.b.4.	Heimilt, fyrir utan fullbúin skip og kafbáta, skipskrokka og 9.a.2.d. og 9.b.4.	Heimilt, fyrir utan fullbúin skip og kafbáta, skipskrokka.
ML9 c.	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML10	Heimilt fyrir utan fullbúin loftför og ómönnuð loftfarartæki (UAV) og flughreyfla og skrokka fyrir orrustuloftför	Heimilt fyrir utan fullbúin loftför og ómönnuð loftfarartæki (UAV) og flughreyfla og skrokka fyrir orrustuloftför	Heimilt fyrir utan fullbúin loftför og ómönnuð loftfarartæki (UAV) og flughreyfla og skrokka fyrir orrustuloftför	Heimilt fyrir utan fullbúin loftför og ómönnuð loftfarartæki (UAV) og flughreyfla og skrokka fyrir orrustuloftför
ML11	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML11 a., g., h. og j.	Heimilt	Heimilt	Heimilt	Heimilt
ML12	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML13 a. og b.	Óheimilt	Óheimilt	Heimilt	Heimilt
ML13 c. og d.	Heimilt	Heimilt	Heimilt	Heimilt
ML14	Heimilt fyrir utan flytjanleg loftvarmarkerfi fyrir manneskjur (MANPAD)	Óheimilt	Heimilt	Heimilt

ML15 b., c., d. og e.	Heimilt	Heimilt	Heimilt	Heimilt
ML15 a. og f.	Óheimilt	Óheimilt	Heimilt	Heimilt
ML16	Heimilt fyrir utan flytjanleg loftvarnarkerfi fyrir manneskjur (MANPAD)	Heimilt fyrir utan flytjanleg loftvarnarkerfi fyrir manneskjur (MANPAD)	Óheimilt	Óheimilt
ML17	Heimilt	Heimilt	Heimilt	Heimilt
ML17 f., g., h. og i.	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML18	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML19	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML20	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt
ML21	Aðeins heimilt að flytja út hugbúnað vegna notkunar, viðhalds, hermiprófunar, stjórnunar og eftirlits	Aðeins heimilt að flytja út hugbúnað vegna notkunar, viðhalds, hermiprófunar, stjórnunar og eftirlits	Aðeins heimilt að flytja út hugbúnað vegna búnaðar sem heimild er fyrir skv. yfirliti þessu	Aðeins heimilt að flytja út hugbúnað vegna búnaðar sem heimild er fyrir skv. yfirliti þessu
ML22	Óheimilt	Óheimilt	Aðeins heimilt að flytja út hugbúnað vegna búnaðar sem heimild er fyrir skv. yfirliti þessu	Aðeins heimilt að flytja út hugbúnað vegna búnaðar sem heimild er fyrir skv. yfirliti þessu

Ef ekki er heimilt að nýta almennt tilflutningsleyfi til viðtakanda í EES-ríki skv. yfirliti þessu skal sótt um leyfi fyrir flutningnum skv. 10. gr. reglugerðarinnar.